

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 8. mars 2023
UST202302-337/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Stuttárbotnar Húsafelli 3 – Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Stuttárbotna, Húsafelli 3, í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að uppbygging á svæðinu er að mestu í samræmi við deiliskipulagstillögu frá árinu 1987 sem tók ekki gildi og svo var aftur unnið deiliskipulag fyrir svæðið á árunum 2015-2016 sem var samþykkt af sveitarstjórn en tók ekki heldur gildi og vegna þess er ekkert deiliskipulag í gildi fyrir skipulagssvæðið. Hins vegar er í gildi deiliskipulag fyrir Hótel Húsafell.

Auk þess kemur fram að skipulagsverkefnið sem nú er til umfjöllunar verður að mestu byggt á því deiliskipulagi sem samþykkt var árið 2016. Þó hefur skipulagssvæðið verið stækkað og nær það nú einnig til svæðis umhverfis Hótel Húsafell og verður deiliskipulag fyrir það svæði þar með fellt úr gildi. Viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði ásamt annarri núverandi starfsemi á svæðinu.

Í greinargerð kemur fram að markmið tillögunnar er fyrst og fremst að festa í sessi þær framkvæmdir sem hafa verið gerðar, en nú þegar eru um 150 frístundahús, hótél, verslun, sundlaug, golfvöllur, tjaldsvæði, flugskýli, íbúðarhús, virkjanir o.fl.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að fjalla um svæðið sem er á náttúruminjaskrá í tillögunni og verndargildi þess. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að tillagan rýri ekki frekar verndargildi náttúruminjanna, en verndargildi svæðisins hefur rýrnað með uppbyggingu frístundabyggðarinnar.

206. Húsafell, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, þ.e. Friðland í Húsafellsskógi.¹

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/>

Auk þess vill stofnunin benda á að hraunið á skipulagssvæðinu fellur undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.²

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, ef tillagan gerir ráð fyrir raski á hrauni, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

² <https://serstokvernd.ni.is/>